

## STARFSREGLUR

### um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009.

1. gr.

Við starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að gera allt að sex mánaða hlé á þingfundum kirkjuþings.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast þegar gildi.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 12. nóvember 2012.*

**Magnús E. Kristjánsson,**  
forseti kirkjuþings.

**Agnes M. Sigurðardóttir,**  
biskup Íslands.